

Kennsluáætlun á salerni – Umhyggja.

Viðfangsefnið/reglan: Leyfa öðrum að hafa næði á salerninu.

Til hvers ætlumst við af nemandanum? Að barnið standi í röð og bíði eftir að salernið losni.

Af hverju er reglan mikilvæg: Til þess að öll börnin geti fengið frið á salerninu.

Hvernig kennum við þessa hegðun?

- ♥ Með sýnikennslu: Kennarinn sýnir börnunum hvernig á að standa í röð og bíða, þangað til það kemur að þeim að fara á klósettið.
- ♥ Sjónrænar vísbendingar: Hafa línu á gólfinu fyrir framan salernið sem gefur barninu vísbendingu um hvar það á að bíða í röð, þar til barnið getur farið á klósettið.
- ♥ Með myndum: Með því að hafa mynd af reglunni á viðeigandi stað og minna á hana þegar þess þarf.

Dæmi um rétta og ranga hegðun:

Rétt hegðun (+).

1. Börnin biðu í röð við salernisdyrnar, þar til kom að þeim að fara á klósettið. Allt gekk betur og áfallalaust á salerninu.
2. Símon og Amelía biðu í röðinni til að komast á klósettið. Kennarinn hrósaði þeim fyrir að bíða í röðinni á meðan hin börnin fóru á klósettið.

Röng hegðun (-).

1. Nokkrir krakkar biðu ekki í röðinni til að komast á klósettið. Þau fóru inná baðherbergi og trufluðu hin börnin sem voru á salerninu. Það urðu of mikil læti og Nonni meiddi sig þegar hurðin skelltist á hann.
2. Alexandra og Heiðar fóru inná bað og voru að fíkta í hurðunum að salernunum á meðan önnur börn voru þar inni að pissa. Þau þurftu að fara aftast í röðina og bíða lengur í röðinni til að komast á klósettið.

Gefum nemendunum færni á að æfa sig og fullkomna færni:

- ♥ Með því að fara með minni hópa á salernið.
- ♥ Láta börnin standa í röð og æfa sig í að bíða eftir að komi að þeim.